

Landsspítalinn

Sungið
er H. H. Alexandrina drottning
lagði hornstein hans
15. júní 1926



Það hús, sem rís hjer, helgast kærleiksstörfum;
það helgast líknsemd, eyðing bóls og kífs.
Það helgast ment og vitsku, í þrænging þörfum
hins þunga stríðs á milli dauða' og lífs.
Það á að breiða faðm mót suðri' og sólu
og safna geislum fyrir menn, sem þjást;
og það skal boða þeim, sem hröktust, kólu
í þrautum lífsins, samúð, trygð og ást.

Hjer hófu verk af drengskap Íslands dætur,
og drotning Íslands sjálf nú vígði það.
Og Íslands þjóð það aldrei gleymast lætur,
hver alda tímans hratt því verki' af stað.
Um kvenna dáðir rís hjer minnimerki,
sem máttugt talar fyrir öllum lýð
um þeirra rjett. Í góðu, göngu verki
er guð og boðar með því nýja tíð.

Svo felum verkið föður lífs og þjóða.
Í framtíð sje það heitorð vífs og manns,
að starfa' í trú á guð og alt hið góða
að gæfu' og kjarabót vors móðurlands.
Hjer blessist alt, sem heill og heilsu eykur;
hjer hrjáðum, sjúkum veitist líkn og skjól.
En munum: styrk og hjálp þarf heill sem veikur
frá honum, sem að ræður vindi' og sól.

P. G.

